

Skólaráðsfundur 26.09.2023

Snælandsskóli

- Mættir: Ásta Laufey (fulltrúi foreldra), Arna Þórðardóttir (fulltrúi grenndarsamfélags), Björn Gunnarsson (kennari), Halldóra Björgúlfsdóttir (fulltrúi almennra starfsmanna), Emilía Ísis (fulltrúi nemenda), Brynjar M. Ólafsson (skólastjóri), Kjartan Haraldsson (ritari).
- Byrjuðum á að kynna okkur, sögðum stuttlega frá tengingum okkar við skólaráð.
- Rætt var um mönnun í upphafi skólaárs. Það eru þó nokkrar breytingar á starfsfólki. Mikið af leiðbeinendum kenna við skólann í vetur, eða um 17%, flestir á sínu lokaári. Að lokum tókst að manna allar stöður við skólann eftir ýmsar hindranir. Einnig hafa verið erfiðleikar við að manna í Krakkalandi, frístundaheimili Snælandsskóla. Krakkaland hefur lítið þurft að loka en beðið var með að hleypa 3. og 4. bekk inn. Nýr matráður bar á góma.
- Rætt var um Starfsáætlun Snælandsskóla 2023-2024, búið var að senda hana á alla fundarmeðlimi. Það engar stórar breytingar í vetur, við höldum áfram á svipaðri braut. Kafla um námsmat var þó bætt við í áætlunina. Áherslurnar í vetur verða á teymiskennslu, sem er komin lengst á miðstigi. Í unglingadeild er áhersla á sjálfstæði nemenda. Annar áherslupáttur í vetur er leiðsagnarnám. Umræður um starfsáætlun voru góðar og jákvæðar. Starfsáætlun var samþykkt.
- Það spunnust umræður um upplýsingatækni í Snælandsskóla og öðrum grunnskólum. Framhaldsskólastigið gerir miklar kröfur til nemenda þegar kemur að upplýsingatækni og notkun á hinum ýmsu forritum. Mikilvægt er að Snælandsskóli sem og aðrir grunnskólar sinni þessu hlutverki sínu vel. Upplýsingatækni er kennd í 8. bekk. Við ræddum einnig hvort innkoma Chromebook tölva gæti hjálpað á t.d. unglingastigi.
- Rætt var um skólalóð, endurnýjun á leiktækjum og framkvæmdir. Skólastjóri tilkynnti að það verður gerð ný úttekt á klifurgrind sem er austan megin á skólalóð vegna nokkurra óhappa.
- Rætt var um starfsáætlun Krakkalands, litlar breytingar eru á henni. Það er opið í Krakkalandi til 17.00 en umræður í skólasamfélaginu um að hafa opnun til frekar 16.30, það virðast fáir nýta sér vistun eftir 16.30.
- Í liðnum önnur mál var rætt um farsímanotkun nemenda í skólum, við ræddum skrefið sem unglingadeildin í Snælandsskóla fór með því að kaupa símavasa fyrir nemendur til að geyma símana sína í kennslustundum. Flestir töldu það gott skref.